

Dreifnámsdeild í Búðardal

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur tryggt fjármagn til áframhaldandi reksturs dreifnámsdeildar í Búðardal á haustönn 2014 og árin 2015-2017.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er að Miðbraut 11 í Búðardal. Opnunartími er kl. 10-14 alla virka daga. Símatími er kl. 9-13 alla virka daga.

Byggðasafn Dalamanna, Laugum í Sælingsdal

Opið er alla daga vikunnar kl. 13-18, til 31. ágúst. Utan þess tíma er opnað eftir samkomulagi við safnvörð .

Eiríksstaðir í Haukadal

Opið er alla daga vikunnar kl. 10-18, til 31. ágúst. Utan þess tíma er opnað eftir samkomulagi við staðarhaldara.

Sælingsdalslaug, Laugum í Sælingsdal

Opnunartímar í Sælingsdalslaug og breytingar á þeim er að finna á heimasíðu Dalabyggðar (www.dalir.is) og heimasíðu Ungmenna- og tómskundabúðanna (www.ungmennabudir.is). Opnunartíma er einnig að finna í síðasta Dalapósti.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Upplýsingamiðstöð ferðamanna er opin í Leifsbúð alla daga kl. 12-18.

Endurvinnslustöðin í Búðardal

Endurvinnslustöðin í Búðardal er opin á þriðjudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14. Síðan er hægt að koma með flokkað sorp á öllum tímum sólarhrings og losa í flokkunarkrá.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu verður opið 8. júlí og 22. júlí. Frá og með 12. ágúst síðan opið aftur alla þriðjudaga og fimmtudaga.



DALAPÓSTURINN

10. tölublað, 7. árgangur

7. júlí 2014

Fjallskil

Fjallskilanefndir Suðurdala og Haukadals hafa verið sameinaðar til eins árs.

Fjallskilaskyldir aðilar þurfa að hafa samband við viðkomandi fjallskilanefnd til að leiðrétta fjártölur, að öðrum kosti verður miðað við hausttölur við ákvörðun fjallskila.

Bæjarhátíð í Búðardal

Bæjarhátíð verður í Búðardal um næstu helgi, 11. - 13. júlí.

Á dagskrá verða sýningar, kjötsúpa, 50 ára starfsafmæli MS Búðardal, fjölskyldutónleikar, kassabílarallý, matarveislur, barnaskemmtun, Vestfjarðavíkingurinn, fornbíla- og dráttarvélasýning, markaður, grillvagn, kvöldvaka, dansleikur og kannski ekki síst að sýna sig og sjá aðra.

Dagskrána má finna á heimasíðu Dalabyggðar, www.dalir.is.

Skólastefna Dalabyggðar

Fyrir liggja drög að skólastefnu Dalabyggðar. Fræðslunefnd, áheyrnarfulltrúar foreldra, starfsmenn og skólástjóri unnu að henni síðastliðinn vetur.

Skólastefnan hefur verið auglýst til umsagnar á vef Dalabyggðar, www.dalir.is. Tímáfrestur til að skila athugasemdum er til 30. október 2014. Ný fræðslunefnd mun fjalla um skólastefnuna ásamt athugasemdum ef einhverjar berast.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Sturla Þórðarson 1214-2014

Sturluhátíð verður haldin í Tjarnarlundi 27. júlí í tilefni þess að 800 ár eru liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar skálds og sagnaritara. Menningarráð Vesturlands hefur samþykkt að veita verkefni um minningu Sturlu Þórðarsonar styrk, 500.000 kr. Vonast til að Dalamenn og aðrir áhugasamir mæti vel til hátíðarinnar.

Á 113. fundi sveitarstjórnar voru Svavar Gestsson, Sumarliði Ísleifsson og Sigurður Þórólfsson skipaðir í Sturlunefnd og samþykkt að skipa fleiri fulltrúa að loknun kosningum. Halla Steinólfsdóttir og Ingveldur Guðmundsdóttir taka sæti í nefndinni, auk þeirra sem áður hafa verið skipaðir.

Einnig er Dalabyggð í samstarfi við Háskóla Íslands um verkefni tengdu Sturlu.

Skoðunarkönnun um sameiningu sveitarfélaga

Í framhaldi af niðurstöðum skoðunarkönnunar um sameiningu sveitarfélaga 31. maí mun sveitarstjórn Dalabyggðar óska eftir fundi með sveitarstjórnunum Reykhólahrepps og Strandabyggðar á haustmánuðum, þar sem sameiningarmál og önnur sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna verði rædd.

Styrkvegir

Vegagerðin hefur úthlutað 2 milljónum króna til styrkvega í Dalabyggð árið 2014. Sótt var um 10,7 millj. kr. Búið er að ráðstafa 1,5 milljónum kr. til lagfæringa á Reykjadalssvegi, Ljárskógafjallsvegi, Skarðsstöðvarvegi, Brekkudalsvegi, Hvarfsdalsvegi og Efrabyggðarvegi. Enn er 0,5 milljón kr. óráðstafað.

Öldungaráð

Sveitarstjórn tók jákvætt í erindi Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi um stofnun öldungaráðs og ákveðið að bjóða stjórn félagsins til fundar með byggðarráði á haustmánuðum.

Fasteignamat 2015

Þjóðskrá Íslands hefur tilkynnt að fasteignamat í Dalabyggð hækki um 3,8% frá næstu áramótum en landverð lækki um 0,6%.

Sveitarstjóri

Á fundi sveitarstjórnar var gengið var frá ráðningu Sveins Pálssonar sem sveitarstjóra fyrir kjörtímabilið 2014-2018.

Sveitarstjórnarfundur

Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verður að loknu sumarleyfi 19. ágúst.

Fundargerðir sveitarstjórnar Dalabyggðar og nefnda sveitarfélagsins er að finna á vef sveitarfélagsins, www.dalir.is.

Samþykkt deiliskipulags fyrir nýjan urðunarstað í landi Höskuldsstaða

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti 1. júlí 2014 deiliskipulag fyrir nýjan urðunarstað í landi Höskuldsstaða. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir, verið send umsögn sveitarstjórnar. Deiliskipulagið er samþykkt með þeirri breytingu að lóð til sorpurðunar er minnkuð í 2,5 ha og byggingarreitur minnkaður til samræmis. Vegtenging var færð vegna athugasemdar Vegagerðarinnar um 55 m til vesturs og skipulagssvæði stækkað lítillega til samræmis við það.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Þóknun sveitarstjórnarmanna

Samþykkt var á sveitarstjórnarfundum 1. júlí að þóknun sveitarstjórnarmanna verði óbreytt, nema þar sem nefndir hafa ekki starfsmann til aðstoðar við undirbúning og úrvinnslu funda, verði þóknun formanns 10%. Núverandi þóknun sveitarstjórnarmanna í Dalabyggða var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 11. júlí 2006. Þóknunin tekur mið af launaflokki 122 í kjarasamningi Starfsmannafélags Snæfellsness og Dala og Sambands íslenskra sveitarfélaga. L.fl. 122 er nú kr. 232.845 pr. mánuð. Sveitarstjórnarmenn fá þóknun sem nemur 20% af þessum launaflokki pr. mánuð, oddviti 30%, formaður byggðarráðs 15% og byggðarráðsmenn 10%. Nefndarmenn fá 6% pr. setinn fund en 10% fyrir daginn ef fundir eru lengra í burtu. Dagpeningar eru greiddir skv. kjarasamningnum og akstur skv. viðmiðun ríkisskattstjóra.

Stjórnir, ráð, nefndir og fulltrúar Dalabyggðar

Sveitarstjórn

Jóhannes Haukur Hauksson, oddviti
Halla S. Steinólfsdóttir, varaoddviti
Eyþór Jón Gíslason
Ingveldur Guðmundsdóttir
Sigurður Bjarni Gilbertsson
Valdís Gunnarsdóttir
Þorkell Cýrusson

Byggðarráð

Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður
Eyþór Jón Gíslason, varaformaður
Þorkell Cýrusson

Kjörstjórn

Sveinn Gestsson, formaður
Bergþóra Jónsdóttir
Valdís Einarsdóttir

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Hörður Hjartarson, formaður
Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Halla S. Steinólfsdóttir
Sæmundur Jóhannsson
Valdís Gunnarsdóttir

Félagsmálanefnd

Þorkell Cýrusson, formaður
Harpa Helgadóttir
Katrín Lilja Ólafsdóttir

Fræðslunefnd

Eyþór Jón Gíslason, formaður
Eva Björk Sigurðardóttir
Jóhanna H. Sigurðardóttir
Ragnheiður Pálsdóttir
Svavar Magnús Jóhannsson

Menningar- og ferðamálanefnd

Jón Egill Jóhannsson, formaður
Ólafur Skagfjörð Gunnarsson
Sigrún Hanna Sigurðardóttir
Sigurður Bjarni Gilbertsson
Valdís Gunnarsdóttir

Varamenn

1. Eyjólfur Ingvi Bjarnason
2. Katrín Lilja Ólafsdóttir
3. Eva Björk Sigurðardóttir
4. Svavar Magnús Jóhannsson
5. Anna Berglind Halldórsdóttir
6. Jóhanna Sigrún Árnadóttir
7. Jón Egill Jóhannsson

1. Halla S. Steinólfsdóttir
2. Sigurður Bjarni Gilbertsson
3. Valdís Gunnarsdóttir

1. Kristín Guðrún Ólafsdóttir
2. Valgerður Ásta Emilsdóttir
3. Þórður Ingólfsson

1. Jóhanna Sigrún Árnadóttir
2. Sigurður Bjarni Gilbertsson
3. Katrín Lilja Ólafsdóttir
4. Þorsteinn Jónsson
5. Eva Björk Sigurðardóttir

1. Þóra Stella Guðjónsdóttir
2. Þórður Ingólfsson
3. Jónas Már Fjeldsted

1. Unnur Ásta Hilmarsdóttir
2. Ásdís Krístrún Melsted
3. Anna Berglind Halldórsdóttir
4. Guðmundur Líndal Pálsson
5. Sigurður Bjarni Gilbertsson

1. Jóhanna Sigrún Árnadóttir
2. Helga Elínborg Guðmundsdóttir
3. Halla S. Steinólfsdóttir
4. Eyjólfur Ingvi Bjarnason
5. Rebecca C. K. Ostenfeld

Fjallskilanefnd Skógarstrandar

Guðmundur Flosi Guðmundsson
Jóel H. Jónasson
Sigurður Hreiðarsson

Fjallskilanefnd Suðurdala

Finnbogi Harðarson
Guðrún Þóra Ingbórsdóttir
Hörður Hjartarson
Valberg Sigfússon
Þorbjörn Jóelsson

Fjallskilanefnd Laxárdals

Ársæll Þórðarson
Harald Óskar Haraldsson
Jónína Kristín Magnúsdóttir

Fjallskilanefnd Hvammssveitar

Anna Berglind Halldórsdóttir
Bjarni Ásgeirsson
Jón Egill Jóhannsson.

Fjallskilanefnd Fellsstrandar

Friðjón Guðmundsson
Rúnar Jónasson
Sigurður Björgvin Hansson

Fjallskilanefnd Skarðsstrandar

Guðmundur K. Gíslason
Ólafur Eggertsson
Þórður Baldursson

Fjallskilanefnd Saurbæjar

Arnar Eysteinnsson
Þórarinn Birgir Þórarinsson
Þröstur Harðarson.

Stjórn Silfurtúns

Halla S. Steinólfsdóttir
Ingveldur Guðmundsdóttir
Jóhannes H. Hauksson

Almannavarnanefnd Borgarfjarðar og Dala

Sveinn Pálsson

Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala

Þorkell Cýrusson

Varamenn

1. Sigríður Huld Skúladóttir

1. Guðrún Kristjánsdóttir
2. Gunnhildur Þ. Pétursdóttir
3. Hjörtur Sigurðsson

1. Magnús Kristjánsson
2. Drífa Friðgeirsdóttir
3. Svanborg Einarsdóttir

1. Monika Björk Einarsdóttir
2. Hjalti Freyr Kristjánsson
3. Hjörtur Sveinsson

1. Sigrún Birna Halldórsdóttir
2. Sveinn Gestsson

1. Hermann Karlsson
2. Lára Hansdóttir

1. Jón Ingi Ólafsson
2. Hugrún Reynisdóttir
3. Kristín R. Sigurðardóttir

1. Þorkell Cýrusson
2. Valdís Gunnarsdóttir
3. Sigurður Bjarni Gilbertsson

Bogi Kristinsson

Þóra Stella Guðjónsdóttir

Þjónustuhópur aldraðra

Gróa Linddís Dal Haraldsdóttir

Varamenn

Arndís Erla Ólafsdóttir

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Valdís Gunnarsdóttir

Ingveldur Guðmundsdóttir

Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands

Sveinn Pálsson

Jóhannes H. Hauksson

Fulltrúaráð Fjölbautaskóla Vesturlands

Valdís Gunnarsdóttir

Sigurður Bjarni Gilbertsson

Dalagisting ehf. - Tilnefning í stjórn og á aðalfund

Jóhannes H. Hauksson

1. Eyþór Jón Gíslason

Halla S. Steinólfsdóttir

2. Valdís Gunnarsdóttir

Samráðsvettvangur Vesturlands - Tilnefning í stjórn

Sveinn Pálsson

Fasteignafélagið Hvammur ehf. - Tilnefning í stjórn og á aðalfund

Ingveldur Guðmundsdóttir

Þorkell Cýrusson

Hnúksnes ehf - Fulltrúi í stjórn

Halla S. Steinólfsdóttir

Ingveldur Guðmundsdóttir

Fóðuriðjan Ólafsdal ehf. - Tilnefning í stjórn og á aðalfund

Jóhannes H. Hauksson

Sigurður Bjarni Gilbertsson

Msj. Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur -Skoðunarmenn reikninga

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Valdís Einarsdóttir

Ungmenna- og tómstundabúðir - fulltrúar í samráðsvettvang

Sigurður Bjarni Gilbertsson

Þorkell Cýrusson

Ingveldur Guðmundsdóttir

Menningar- og framfarasjóður Dalasýslu - Fulltrúi í stjórn

Þórður Ingólfsson

Ingveldur Guðmundsdóttir

Menningar- og framfarasjóður Dalasýslu - Skoðunarmenn reikninga

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Sigrún Halldórsdóttir

Minningarsjóður Finns Jónssonar - Fulltrúi í stjórn

Halla S. Steinólfsdóttir

Bogi Kristinsson

Minningarsjóður Péturs T. Oddssonar - Fulltrúi í stjórn

Jón Egill Jóhannsson

Jóhannes H. Hauksson

Veiðifélag Laxdæla - Fulltrúi á fundi

Halla S. Steinólfsdóttir

Þorkell Cýrusson

Veiðifélag Laxár í Hvammssveit - Fulltrúi á fundi

Eyþór Jón Gíslason

Ingveldur Guðmundsdóttir

Umdæmi sýslumanna og lögreglustjóra

Innanríkisráðuneytið hefur kynnt samráðsferli um breytingar á umdæmum embætta sýslumanna og lögreglustjóra. Samkvæmt fyrirbyggjandi skjölum er gert ráð fyrir að einn sýslumaður verði fyrir Vesturland allt með aðsetur í Stykkishólmi og einn lögreglustjóri með aðsetur í Borgarnesi. Gert er ráð fyrir að lögreglustöð verði áfram í Búðardal sem og sýsluskrifstofa með takmarkaðri þjónustu.

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Dalabyggðar 1. júlí 2014.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur til margra ára háð baráttu gegn niðurlagningu embættis sýslumanns Dalasýslu og lokun lögregluvarðstofu. Skýlaus krafa sveitarstjórnar hefur verið að lögreglumenn séu staðsettir í Búðardal. Nú hefur Alþingi samþykkt lög sem fækka embættum sýslumanna og lögreglustjóra og baráttu fyrir sýslumannsembættið töpuð.

Sveitarstjórn Dalabyggðar ítrekar áður fram settar kröfur um að í Búðardal verði bæði mönnuð varðstöð lögreglu og sýsluskrifstofa þar sem íbúar ganga að eðlilegri þjónustu. Sjálfsögð krafa er að þessi starfsemi verði styrkt frá því sem verið hefur t.d. þannig að tveir lögregluþjónar verði staðsettir á varðstöð í Búðardal og sýsluskrifstofu verði úthlutað nýjum verkefnum. Það mætti gera t.d. með því að á sýsluskrifstofu í Búðardal verði staðsettur löglærður fulltrúi sem gæti einnig þjónað sýsluskrifstofu á Hólmavík.

Sveitarstjórn hefur áður lýst yfir stuðningi við að aðalskrifstofa lögreglustjóra Vesturlands verði í Borgarnesi og gerir ekki athugasemdir við að aðalskrifstofa sýslumanns Vesturlands verði í Stykkishólmi.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn tók til starfa 18. júní sl. sem er viku síðar en venjulega. Erfiðlega gekk að finna starfsmann til að leiða vinnuskólann og ekki verður hægt að starfrækja hann nema til 18. júlí, nema úr rætist með starfsmannamál.

SEEDS sjálfboðaliðar

6 manna hópur erlendra sjálfboðaliða mun sinna ýmsum störfum tengdum umhverfismálum í Búðardal og víðar í Dalabyggð næstu tvær vikurnar. Þeir munu einnig aðstoða við framkvæmd bæjarhátíðar í Búðardal.